


Laxá á Nesjum 1987

Tumi Tómasson



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

VMST-N/88002

Hólum í Hjaltadal

Janúar 1988.

Eintak bókasafns

Veiðimálastofnun Norðurlands.

VMST-N / 88002

LAXÁ Á NESJUM 1987

INNGANGUR

Að beiðni veiðifélagsins var gerð athugun á fiskistofnum á vatnasvæði Laxár sumarið 1987. Laxá á fremur stuttan aðdraganda. Á vatnasvæðinu eru tvö stöðuvötn og fellur Laxá í gegnum annað þeirra en lítill lækur tengir vötnin. (Mynd 1) Laxá er lítil og er meðalrennsli innan við 1 m /sek.

Nóttina 28.-29. maí lágu átta net af mismunandi möskvastærðum, frá 20-52 mm á legg, í Laxárvatni og voru sýni tekin af öllum veiddum fiski. Afli á að endurspegla stærðardreifingu fiska í vatninu sem náð hafa 20 sm.

Dagana 27.-28. júlí var áin skoðuð og sýna aflað af seiðastofnum hennar með rafveiðum á sjö stöðum (Mynd 1). Að auki sendu veiðimenn inn hreistur af veiddum lögum sumarið 1987 og heimamenn lögðu net í Laxárvatn um haustið til að kanna tilvist göngufisks í því. Þá veittu heimamenn og upplýsingar um veiðiskapinn.

Alls er veitt í ánni með einni stöng í 15 daga yfir sumarið. Í Nesvatni er veiðiálagið 100-200 netanætur á sumri og þar er veitt með 1 1/2" möskva netum. Í vatninu veiðist bæði urriði og bleikja. Í Laxárvatni er leyfð netaveiði frá 15. maí til 15. júní og skiptast dagarnir milli veiðirétthafa í hlutfalli við arðskrá. Þessi réttur er sjaldnast fullnýttur og ekki var ljóst hve mörg net mátti leggja samtímis.

NIÐURSTÖÐUR OG UMSÖGN

Laxárvatn

Vatnið er fremur grunnt og liggur í 32 m h.y.s. og er um 30-40 ha að flatarmáli. Í það fellur lítill lækur, víðast 0.3-1.0 m breiður, úr Nesvötnum, svo og Laxáin sem á upptök sín á Skagaheiði. Lækurinn sem tengir vötnin er sennilega fiskgengur, en seiði komast tæplega þar upp.

Lengdardreifing aflans sem veiddist í rannsóknarnetin er sýnd á Mynd 2 og niðurstöður aldursgreiningar á Mynd 3. Allur sjógenginn silungur hefði átt að vera farinn þegar veitt var, aflinn ætti því fremur að endurspegla staðbundna urriða og bleikjur.

Fæðuval silunga var mjög einhæft. Bleikjan át nær eingöngu vatnabobba og urriðinn hornsíli. Kynþroskastærð og sú hámarksstærð sem fiskarnir ná markast af fæðuskilyrðunum. Bleikjan verður við núverandi aðstæður kynþroska við 32 sm lengd, en urriðinn mun stærri, eða við 44 sm lengd. Eftir að kynþroska er náð dregur enn frekar úr vexti, einkum hjá bleikju. Urriðinn hefur mun meiri tilhneigingu en bleikjan til að hvíla sig frá hrygningu annað hvert ár eftir að kynþroska er náð, og getur því lagt meira í vöxt en bleikjan.

Afleiðing þessa vaxtarmynsturs er að þegar lítið er veitt safnast upp fiskur af fleiri árgöngum en allur af svipaðri stærð. Þetta er einkum áberandi hjá bleikjunni þar sem 30-37 sm bleikja er 4-8 ára (Mynd 3). Staðbundin bleikja nær tæpast þeirri stærð að hún veiðist mikið við núverandi nýtingarfyrirkomulag, tiltölulega lítið veiðiálag með stórmöskva netum.

Það vekur athygli hve lítið veiddist af smáum silungi. Fæð þeirra á sér líklega tvær meginorsakir. Í fyrsta lagi er vaxtarhraðinn fyrstu árin mjög góður, hjá bleikjunni er hann um 8 sm á ári en 5 sm á ári er nokkuð algengt hérlandis. Í öðru lagi má ætla að í vatninu sé stór hornsílastofn sem keppir einkum við seiði um fæðu.

Þetta takmarkar mjög nýliðun en verður jafnframt til þess að þegar seiðin hafa náð nægri stærð nýta þau sér vatnabobbana, þá vaxa þau hratt.

Urriðinn verður að hrygna í rennandi vatni. Hann gengur því í ána til hrygningar og elst þar upp fyrstu árin. Takmörkuð uppeldis- og hrygningasvæði og mikil samkeppni um fæðu í ánni setur nýliðun urriðans þröngar skorður.

Við netaveiði um haustið veiddist vel af vænni sjóbleikju og einn lax en ekki er víst að sjóbirtingur hafi veiðst.

Laxá

Áin var skoðuð frá ósi og um 4 km fyrir framan Laxárvatn (Mynd 1). Þar sem lengst var farið rann aðaláin lygn í mýrlendi en lækur féll í hana að norðan, á gýttri flúð. Aðaláin var fremur straumlítill og í henni malarbotn þar til hún féll fram af litlum fossi. Þar fyrir neðan er í ánni smágrýti/gróf mól en botnefnin verða svo aftur fingerðari þar til áin fer fram af næst fossi, um 1 km neðar. Þar fyrir neðan er áin víðast fremur grýtt á um 1 km kafla, en neðar rennur áin fremur lygn út í Laxárvatn. Frá útfalli Laxárvatns fellur áin fremur grýtt alla leið til sjávar, þó að breiður með finni botnefnum aukist nokkuð þegar komið er niður fyrir þjóðveg.

Mikill mosi og þörungagróður eru víðast í ánni, einkum fyrir neðan vatnið. Lítið er um hyli eða staði þar sem ætla má að fullorðinn lax dvelji í. Almennt séð eru uppvaxtarskilyrði fyrir lax því betri sem botninn er grýttari, að öðrum þáttum, t.d. vatnshita og magni uppleystra næringarefna, jöfnum. Urriðinn keppir helst við laxinn í lækjum og þar sem hann finnur skjól undir bökkum og innan um gróður í strauminni hlutum árinna.

Alls var rafveitt á sjö stöðum (Mynd 1) og eru niðurstöður veiðanna settar fram í Tölflum 1 og 2 á Myndum 4 og 5. Báðir fossarnir sem skoðaðir voru eru laxgengir en lax virðist ekki fara fram fyrir efri fossinn, enda er áin þar orðin lítil. Fossarnir eru ekki gengir seiðunum. Á stöð 1 veiddust því eingöngu urriðaseiði og líklega hrygnir þar urriði úr Laxárvatni. Seiðapéttleiki er þar lágur og vöxtur seiðanna

góður. Á milli fossanna og í flúðakaflanum frá fossi niður að vatni (stöð 2 og 3), er laxinn ríkjandi og þar er seiðamagn mikið. Vöxtur er fremur hægur og ná laxaseiðin göngubroska á 3-4 árum en vegna mikillar samkeppni eru afföll mikil áður en seiðin ná þessum aldri (Mynd 4).

Í læknum sem tengir vötnin (stöð 4) alast upp bæði laxa- og urriðaseiði. Þessi seiði hafa að líkindum gengið í gegnum vatnið, upp í lækinn. Þarna er þó um mjög litla framleiðslu að ræða vegna þess hve lítill lækurinn er.

Í neðri hluta Laxár eru skilyrði fyrir lax og urriða mjög góð en mikill gróður bætir samkeppnisaðstöðu urriðans heldur. Vöxtur seiða er bestur næst útfallinu en neðar er vöxtur hægari og hlutfall urriða herra. Á neðsta staðnum (stöð 7) eru urriðaseiði í miklum meiri hluta. Þar er meira um lygnar breiður sem nýttast urriðaseiðum betur en laxaseiðum. Kjörsvæði laxaseiðanna er á brotunum. Á þessum neðsta kafla er einnig skortur á plássi fyrir fullorðinn lax. Því er líklegt að hrygning hjá laxinum sé þar mjög takmörkuð, en seiðin dreifast mun verr niður ána en upp hana því þau leita ávallt á móti straumi. Ekki er alveg að marka veiðar á vorgömlum (0+) seiðum því þessi árgangur er ekki búinn að dreifa sér langt frá hrygningarstöðvunum.

Alls bárust 17 hreistursýni af veiddum löxum í Laxá á Nesjum 1987. Af þeim voru tvö ólesanleg. Niðurstöður hreistursgreiningar eru í Töflu 3. Flestir laxanna höfðu dvalið fjögur ár í ánni áður en þeir gengu til sjávar, sem er í góðu samræmi við það sem búast má við skv. niðurstöðum rafveiðanna.

ALYKTANIR

Allt bendir til að fiskistofnar Laxár og Laxárvatns séu lítið nýttir og að veiðar hafi tiltölulega lítil áhrif á stærð, dreifingu og aldurssamsetningu stofnanna. Með stjórnun veiða má hafa töluverð áhrif á vöxt og viðgang hinna ýmsu fiskistofna. Hverjar ráðleggingarnar verða, fer eftir því hvaða markmið veiðifélagið setur um nýtingu og ræktun og hve mikils það metur ákveðnar breytingar.

Það má t.d. auka veiðar á staðbundinni bleikju í vatninu, með því að nota 1 1/4" net í júní-júlí. Það mætti sleppa laxaseiðum fyrir framan fremri fossinn (t.d. seiði sem yrðu rafveidd neðar eða klakin út í eldisstöð). Líklegt er að eitthvað af laxi gangi í vatnið og bíði þar fram á haust. Það mætti tefja göngu hans upp ána með því að búa til dvalarstaði (hyli) fyrir hann og þannig auka möguleika á að veiða hann.

Urriðinn er mjög sterkur í kerfinu og auknar veiðar á laxi gætu raskað því jafnvægi sem nú ríkir. Því gæti verið skynsamlegt að auka veiðar á urriða verulega, samhliða aukinni nýtingu á laxi. Það gæti hins vegar orsakað að hornsílastofninn í Laxárvatni stækkaði enn frekar.

Ástæða er til að athuga hvort ekki sé sjóbirtingur í kerfinu. Ef svo er, er líklegt að hann gangi í ána eftir að almennum veiðitíma er lokið og sé genginn til sjávar áður en veiði hefst á sumrinu.

Að framansögðu er ljóst að möguleikar til aukinnar nýtingar eru miklir. Það fer eftir markmiðum veiðifélagsins hvernig breyta beri núverandi fyrirkomulagi eða hvort breytingar séu æskilegar.

Tafla 1

Niðurstöður rafveiða í Laxá á Nesjum 27.7.1987.
Tölurnar sýna fjölda veiddra seiða af hverjum árgangi á hverja 100 m.

Stöð	Lax (aldur)				Urriði (aldur)			
	0+	1+	2+	>3+	0+	1+	2+	>3+
1	-	-	-	-	9	13	-	-
2	3	20	13	3	1	3	1	-
3	30	14	21	2	5	3	-	1
4	7	73	20	-	13	27	-	-
5	17	12	4	-	1	2	4	4
6	1	17	24	10	4	4	11	4
7	-	7	3	2	5	14	16	3

Tafla 2


Helstu einkenni rafveiðistaða á Laxá á Nesjum 27-28/7 1987

Stöð	Heildar- þéttleiki seiða/100 m	Hlutfall lax:urriði	Stærð veiði- svæðis	Botngerð og straum- lag
1	22	-	10 x 7 m	Smágrýtt - brot
2	119	9.8	25 x 4 m	Smágrýtt - brot
3	76	7.4	23 x 7.5 m	Grýtt - brot
4	140	2.5	30 x 0.5 m	Grýtt - brot
5	44	3.0	28 x 7 m	Möl - grýtt breiða - brot
6	74	2.4	25 x 6 m	Grýtt - brot
7	50	0.3	35 x 6 m	Möl - grýtt breiða - brot

Tafla 3

Niðurstöður aldursgreininga hreistursýna af löxum sem veiddust í Laxá á Nesjum 1987.


Ár í sjó	Ár í ferskvatni			Samtals
	3	4	5	
1	2	2	1	5
2	1	9	-	10



Mynd 1. Yfirlitsmynd af vatnasvæði Laxár á Nesjum. Inn á kortið eru merktir staðir sem rafveitt var á. 27. og 28. júlí 1987.

29.5.1987


Lengdardreifing silungs sem
veiddist í rannsóknarnet í
Laxárvatni



Mynd 2. Lengdardreifing bleikju og urriða sem veiddust í rannsóknarnet í Laxárvatni 28.-29. maí 1987. Alls voru lögð átta net með möskvastærðum frá 20-52 mm á legg og lágu netin nóttina.

Mai 1987

Þengd við aldur fyrir
bleikju og urriða í Laxárvatni








Mynd 3. Vaxtarferill bleikju (o) og urriða (x) í Laxárvatni í maí 1987, byggt á aldursgreiningu kvarna.

27. og 28. 7. 1987
Lax

Laxá á Nesjum

Földi




Lengd í cm

Mynd 4. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá á Nesjum 27.-28. júlí 1987. Númer veiðistaða vísa til merkinga á yfirlitskortu (Mynd 1)

27. og 28. 1987

Laxá á Nesjum

Urriði



Mynd 5. Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Laxá á Nesjum 27.-28. júlí 1987. Númer veiðistaða vísa til merkinga á yfirlitskortu (Mynd 1).

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall.

Fisktegrund:

Sondandi,

Fjöldi sýna:

Veidið:

ingit kwistur
- u -